



3. stjórnarfundur LH

Haldinn í Laugardal 12. desember 2014 og hófst hann kl. 15

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, aðalstjórn. Helga B. Helgadóttir, S. Rúnar Bragason, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, varastjórn.

Fundurinn var einnig sendur út á Lync og hafa þá fundarmenn kost á að fylgjast með fundinum í gegnum tölvu.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

Dagskrá:

1. Fjármál

Björn endurskoðandi hjá Landssambandi hestamanna og Landsmóts ehf. kom á fundinn og kynnti fyrir fundarmönnum fjárhagsstöðu Landssambandsins einnig fór hann lauslega yfir stöðu Landsmóts ehf. Lagður var fyrir fundinn rekstrarreikningur sem sýndi stöðuna til dagsins í dag. Björn gerði vel grein fyrir sveiflum í reikningum félagsins sem skýrast mikið til af því hvort er landsmótsár eða heimsmeistaramót.

2. Opið bréf til stjórnar frá Sveinbirni Sveinbjörnssyni

Farið var yfir opið bréf til stjórnar L. H. sem Sveinbjörn Sveinbjörnsson sendi. Voru fundarmenn sammála því að senda svarbréf til Sveinbjörns sem var samið á fundinum.

3. Uppskeruhátíð LH

Farið var yfir boðsmiða á uppskeruhátíð hestamanna sem halda á 10. janúar 2015 í Gullhömrum. Tilkynna þarf forföll á árhátíðina fyrir 5. janúar 2015. Rætt var um að það þyrfti að auglýsa uppskeruhátíðina vel.

4. Landsmót 2018.

Formaður fór yfir stöðu Landsmóts 2018. Fundarmenn voru á því að halda ætti áfram með þá vinnu sem væri hafin af fyrri stjórn L. H. er varðar staðarval Landsmóts 2018.



5. Staða styrkja.

Farið var yfir stöðu styrkja hjá L.H. Kom fram að Lárus Ástmar Hannesson er í stjórn þróunarsjóðs og það þarf að sækja í þann sjóð fyrir hönd Hestatorgs vegna Equitana og HM.

6. Erindi frá Sprett vegna Íslandsmóts.

Fyrir fundinum lá erindi frá Hestamannafélaginu Spretti þar sem félagið óskar eftir leyfi til að halda bæði Íslandsmót barna og unglinga ásamt Íslandsmóti fullorðinna á sömu dagsetningum. Eftir umræður stjórnarmanna var ákveðið að verða ekki við beiðni Sprettis þar sem það kemur fram í lögum og reglum L.H. í grein 5.2. að íslandsmótin skulu haldin í sitthvoru lagi. Jafnframt var lagt til af stjórn L.H. að æskulýðsnefnd færi yfir það hvort væri betra að halda mótin saman eða í sitthvoru lagi og kæmi með niðurstöður þess efnis til stjórnar. Grein 5.2. er svohljóðandi. „ Á Íslandsmóti fullorðinna skal keppt einum styrkleikaflokki. Á Íslandsmóti skal keppt í þeim greinum hestaþróttá sem skilgreindar eru í kafla 8 til 8.8 í alþjóðlegum keppnisreglum LH. Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar. Á Íslandsmóti barna, unglinga og ungmenna skal keppt í keppnisgreinum þeim sem skilgreindar eru í hverjum aldursflokki. Heimilt er að fella niður keppnisgrein náist ekki lágmarks þátttaka til verðlauna. **Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi.** Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku. Keppnisnefnd verði falið að ákveða lágmark á hverju ári í febrúar en það verði ekki bundið í lögum, til þess að hægt verði að bregðast við of mikilli/litilli þátttöku með því að hækka/lækka lágmark. Þess verði gætt í upphafi að lágmark verði ekki of ströng. Árangur frá árinu áður telst fullgildur.“

7. FEIF þing.

Farið var yfir hverjir fara sem fulltrúar L.H. á FEIF þing sem haldið verður 6. og 7. febrúar 2015. Reynt verður að halda kostnaði í lágmarki.

8. Önnur mál.

Rætt var um ferðakostnað stjórnarmanna vegna funda fyrir L.H. ákveðið var að greiða hluta ferðakostnaðar líkt og verið hefur. Rætt var um hvort L.H. þyrfti fjölmiðlafulltrúa og eftir umræður var ákveðið að Stella Björg Kristinsdóttir yrði fjölmiðlafulltrúi Landsambandsins. Rætt var um hvar samningur við RÚV stæði ásamt fjáröflunarmál vegna LM. Einnig voru umræður um æskulýðs-ráðstefnu L.H. Umræður urðu um hvenær æskilegt væri að halda æskulýðsráðstefnu en ekki er komin tími á hana. Það er þó æskilegt að hún væri haldin á næsta ári.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 18:20